





Límmiði í Inkscape


1. **Smelltu á Skrá -> Vista/Vista sem.** Skirðu skrána með einhverju lýsandi heiti, t.d. hvort þetta sé fata-eða vegglimmiði og hvaða litur á að vera




2. **Stilltu stærðina á skjalinu þínu** með því að fara í **Skrá -> Skráareiginleikar**. Stærðin á þessum ramma gefur til kynna það svæði sem hægt er að skera út. **Allt fyrir utan rammann verður ekki skorið út.** Stærðin fer eftir þínum þörfum en við skulum miða við **Breidd: 250** og **Hæð: 150**. Passaðu að **einingarnar séu í millimetrum (mm)**. Athugaðu að það er enginn vista-hnappur, þú smellir bara á X í hægra horni




3. Ef þú ætlar að nota texta skaltu **smella á Stafatólið í stikunni vinstra megin** og smella inn í rammann á skjánum til að fá textbox. Þú getur breytt stöfunum og stærð þeirra.




4. Ef nota á mynd af netinu er best að leita að myndum sem eru **silhouette**, svartar á hvítum bakgrunni. Hægt er að flytja myndina inn í Inkscape með því að nota “Copy image” og “Paste” skipanirnar.




5. Þegar myndin er komin inn í Inkscape er nauðsynlegt að breyta henni svo vínlskerinn skilji útlínurnar. Veldu myndina (með svörtu örinni, efst í vinstra horni) og smelltu svo á **Ferill -> Línuteikna bitamynd**.




6. Smelltu á hnappinn “**Uppfæra**” og ef myndin er með skýrar útlínur smellir þú á **OK hnappinn**. Ef þær eru óskýrar er hægt að fíkta með tölurnar fyrir “Birtustigsfall”, “Greining brúna” eða “Fjöldi lita”. Ef myndin er orðin skrýtin er hægt að smella á “Frumstillta” hnappinn og þá nállstillist hún. **Alltaf þarf að smella á Uppfæra til að sjá breytinguna.**




7. Eftir að hafa smelt á OK í skrefinu á undan þá eru tvær myndir í forritinu, önnur ofan á hinni. Smelltu á myndina og dragðu þær í sundur. **Eyddu þeirri sem er undir**, þeirri sem merkt er með “Mynd” neðst í forritaglugganum þegar smeltt er á hana. Við viljum halda eftir þeirra mynd sem er merkt með “Ferill” á sama stað.




8. Nauðsynlegt er að **spegla texta og myndir ef um fatalímmiða er að ræða**. Ástæðan er sú að fatalímmiðar eru skornir út á röngunni. Þá er allt valið með örinni í efsta, vinstra horni (1) og speglataknið (2) svo notað til að spegla 180°.



9. Þegar textinn og myndin er tilbúin þarf að breyta þeim svo vínlskerinn skilji útlínurnar. Smelltu á **Hlutur -> Fylling og útlína**.




10. Til að eitthvað birtist í **Fylling og útlína**-kassanum þarf textinn/myndin að vera valinn (nota örina efst til vinstri til að velja textann eða smelltu á Ctrl+A á lyklaborðinu).



11. Stillingar á Fylla


Fylla -> Haka við x (engin litur)



12. Stillingar á Litur útlínu


Litur útlínu -> Flatur litur, rauður

(setja 255 í efsta og neðsta kassann, 0 í hinum).




13. Stillingar í Stíll útlínu

Stíll útlínu -> Breidd: 0,02 millimetrar (mm)



14. Lokaðu **Fylling og útlína** kassanum með því að smella á X-ið í hægra horni. Vistaðu skjalið aftur í gegnum **Skrá -> Vista**.

15. Smelltu á **Skrá -> Vista** sem. Vistaðu skrána sem PDF skjal.



16. Eftirfarandi stillingar fyrir PDF hafa gefist best.

